

Gos í Eyjafjallajökli - staða 22. maí 2010 kl. 14:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigprúði Ármannsdóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur, Teiti Arasyni, Steinunn S. Jakobsdóttir og Hrafni Guðmundssyni.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavélum, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar og gervihnattamyndum.

Gosmökkur:

Hæð: Gosmökkurinn er í um 4 km. skv. athugunum könnunarflugs. Hæg austlæg átt ber mökkinn til vesturs.

Stefna: Vestur.

Litur: Ljósgrár og grár. Lítilsháttar öskufall til vesturs. Samkvæmt upplýsingum úr könnunarflugi.

Gjóskufall: Engar tilkynningar hafa borist af öskufalli í dag.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst á eldingamælum bresku veðurstofunnar frá klukkan 13 í fyrradag.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli er frá Gígjökli.

Aðstæður á gosstað: Gosið er svipað og í gær. Flogið var yfir um kl 13 í dag og sást þá öskusprengring sem var enn að stíga þegar flogið var frá, en hafði þá ekki náð sömu hæð og mökkurinn sem fyrir var. Hvorki sást til gígsins né hrauns vegna lágskýja við fjallið.

Órói: Óróinn er svipaður og í gær.

Jarðskjálftar: Um tuttugu skjálftar hafa mælst í jöklinum frá miðnætti, flestir grunnir.

GPS-aflögun: Láréttar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls og sig.

Heildarmat: Gosið er enn í gangi og er svipað og í gær. Enn eru öskusprengringar í gígnum.